Námsefni **Stærðfræði** **Haustönn 2026** 7-8. bekkur WS 3 tímar í töflu á viku 2 vikna lota í október/nóvember 2 vikna lota í nóvember/desember. ---------- **Kennsla:** **Lota 1: Hugsandi kennslustofa.** **Lota 2: Rúmfræði.** Dæmatímar eru þrisvar í viku, þeir nýtast í sjálfstæða vinnu en gætu innihaldið stuttar innlagnir. Einu sinni í viku fylgja tímar kennsluaðferðinni: hugsandi kennslustofu(Peter Liljedahl). # 7. Bekkur: **ágúst-september:** Tölur - Tölfræði og líkur. **október-desember:** Margföldun og deiling(Hlutfallareikningur) - Rúmfræði	**Hæfniviðmið** Sjá heimasíðu Waldorfskólans: (Hæfniviðmið) og Aðalnámskrá grunnskóla **<u>Almenn hæfniviðmið</u>** Í sjöunda bekk verður brotareikningur flóknari. Margföldun og deiling bæði með almennum brotum og tugabrotum. Aukið þyngdarstig dæma. Vinna með tölur og stærðir sem undirbúningur fyrir prósentu og vaxtareikning. Algebra er innleidd í framhaldi af því. Í áttunda bekk er unnið með þáttun og veldi. Bókstafareikningur er kynntur og mynstur lýst með formúlum. Stærðir horna eru reiknaðar og nemendur öðlast færni í að nota sirkil og teikna horn. Fjórar reikniaðgerðirnar eru æfðar með almennum brotum, tugabrotum og loks prósentum. Í upphafi ársins er lögð sérstök áhersla á að efla rökhugsun, samvinnu og sjálfstæða hugsun nemenda með kennsluaðferðinni *Hugsandi kennslurými (Thinking Classrooms)*. Nemendur vinna saman í hópum við töflur, kanna mismunandi leiðir, spyrja spurninga og reyna að skilja hvernig hugsunin leiðir þá að lausn. Markmiðið er að vekja áhuga og trú á eigin getu: að finna gleðina í hugsuninni sjálfri. Í slíkum tímum eru mistök hluti af ferlinu og nemendur fá tækifæri til að sjá nýjar leiðir og skilja dýpra. Hver nemandi er hvattur til að hugsa sjálfur, hlusta á aðra og sjá hvernig margir vegir geta leitt að sama sannleika. Þannig verður stærðfræðin lifandi, þar sem vaxandi hugarfar (growth mindset) ræktast í gegnum reynslu, þrautseigju og forvitni. Með þessari nálgun tengist stærðfræðin bæði innri og ytri heim nemandans. --- **Námsmat** Vinnumat kennara. Verkefnaskil og vinna í vinnubók.

8. Bekkur: **ágúst-september:** Tölur og talnareikningur Þáttun **október-desember:** Rúmfræði - Hringfari og gráðubogi.	Þátttaka og frumkvæði í tímum. Áhugi og skilningur. --- **Efni** Stika 3A í haust & 3B í vor. Skali 1A í haust & 1B í vor. --- **Verkefni** Sjálfstæð vinna, hópverkefni, kannanir, þrautir og leikir.